

Nd.

## 16. Frumvarp til laga

[16. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

### 1. gr.

Á eftir síðustu grein laganna kom nýtt ákvæði svo hljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt reglum, er hún setur og sjávarútvegsráðherra samþykkir, að greiða úr deildum sjóðsins fyrir frystar fiskafurðir og saltfiskafurðir sérstakt framlag vegna bol- og flatfiskafurða að undanskildum kolategundum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972. Skulu 88 milljónir króna greiðast, ef verðmæti afla, sem landað er innanlands til þessarar vinnslu á þessu tímabili, nemur sem svarar 400 millj. króna reiknað á lágmarksverði á fiski, er gildi til 30. september 1972, að viðbættri greiðslu í Stofnfjárssjóð fiskiskipa og verðuppbót á línufisk. Framlagið skal hækka eða lækka í hlutfalli við breytingar á aflamagni frá þessu marki.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við verðákvörðun á fiskverði fyrir verðlagstímabilið 1. október til 31. desember á þessu ári kom í ljós, að nauðsynlegt væri að hækka fiskverð verulega til þess að jafna launakjör sjómanna við launakjör annarra stétta og til þess að bæta kjör útgerðarinnar frá því sem orðið var. Vegna minnkandi afla á þessu ári, frá því sem áætlað hafði verið við fyrri fiskverðsákvæðanir, hafði hagur sjómanna og hagur útgerðar og fiskvinnslu farið versnandi. Á átta fyrstu mánuðum ársins hefur þorsk-, ufsa- og karfaflinn minnkað um 13% miðað við aflann í sömu mánuðum árið áður. Þorskaflinn hafði þó minnkað mest eða um 16%.

Verðlagsráð sjávarútvegsins varð sammála um að leggja til, að fiskverð yrði hækkað að meðaltali um 15%. Það taldi ekki mögulegt, að fiskkaupendur gætu greitt þessa fiskverðshækkun, þvert á móti taldi Verðlagsráðið að nauðsynlegt væri að bæta rekstursafkomu fiskvinnslunnar frá því sem hún hefur verið. Sjávarútvegsráðuneytið hafði skipað sérstaka nefnd til að rannsaka afkomu frystihúsanna á þessu ári. Í skýrslu þeirrar nefndar, sem fram var lögð 29. sept. s. l., segir m. a. „Það er sameiginlegt álit okkar, að meginniðurstaðan af þessum athugunum sé sú, að vegna minnkandi framleiðslumagns frá fyrra ári og vegna afurðarýrara hráefnis hafi hagur frystihúsanna versnað á ársgrundvelli um 200 til 250 millj. kr., frá því, sem áætlað hafði verið við síðustu fiskverðsákvæðanir í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins“.

Með hliðsjón af framansögðu fellst ríkisstjórnin á, að nauðsynlegt væri að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til þess að gera kleift að framkvæma þá fiskverðshækkun, sem Verðlagsráð lagði til. Ríkisstjórnin setti það skilyrði fyrir samþykki sínu, að hér yrði um að ræða almenna 10% fiskverðshækkun, sem skipt yrði á fisktegundir samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs, en auk þess komi 5% verðhækkun, sem skiptist jafnt á allar helztu bolfisktegundir og væri þar um að ræða verðhækkun, sem sérstaklega væri ákveðin, miðuð við árstíma og erfiðleika útgerðarinnar nú. Nauðsynlegt er að afla sérstakrar lagaheimildar til þeirrar greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði, sem hér er um að ræða.